

STÆRRA BLAÐ
- NÚ 12 SÍÐUR!

FRÉTTAÞÍP



Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 14 - Desember 2020



Frá Aðalfundi Félags pípu- lagningameistara



Að venju fjölmenntu félagsmenn á Aðalfundinum og fylgdust vel með og tóku virkan þátt í fundinum, eins og sjá má á meðf. myndum.

„Það má sannarlega segja að Aðalfundur Félags pípulagningameistara árið 2020 hafi ekki verið með hefðbundnu sniði. Samkvæmt venju hefði ferðinni verið heitið á huggulegt hótél úti á landi til að eiga skemmtilega helgi með félögum og

mökum þeirra. Njóta góðra veitinga og slökunar; ásamt því að halda hefðbundinn Aðalfund. En, nei, svo varð ekki. Ástæðan er vitanlega þetta blessaða veirukvikindi.“

Þetta var inntakið í upphafsorðum Sigurðar Ingvars Hannessonar, formanns Félags pípulagningameistara við upphaf Aðalfundar félagsins 2020, sem haldinn

– Sjá frambald greinar á bls. 3.

Gledileg jól!

**Farsælt
og gæfuríkt
nýtt ár!**

**Þökkum ánægjuleg
samskipti á liðnu ári!**



**Sumarskóli í pípu-
lagningum – Svar
við vaxandi þörf
– sjá bls. 8**

**Hitatækni hannar
sjálfvirka pottastýr-
ingu með snertiskjá
og vefviðmóti – sjá bls. 11**

PÍPUM SAMAN!

GEBERIT
mapress

BRUGMAN

damixa™
When design makes sense

SABIANA

GROHE

DALLMER

REHAU

fischer

MEA

DAB
WATER-TECHNOLOGY

Danfoss

BYKO

lagnadeild@byko.is

MD Vélar

Hágæða þenslutengi Gúmmí - Stál - Vefur

Standard tengi eða sérhönnuð eftir þörfum viðskiptavinarins



Þenslutengi fyrir vatnsúðakerf

Einstakur hreyfanleiki - Taka lítið pláss - Einföld í uppsetningu
Sérhönnuð fyrir jarðskjálftasvæði



MD Vélar | Vagnhófa 12 | 110 Reykjavík | Sími: 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is



Kári Samúelsson fór yfir reikninga og fjárbagsáætlun næsta starfsárs.



Guðmundur Páll Ólafsson var kjörinn fundarstjóri Aðalfundar.



Sigurður Ingvar Hannesson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.



Walk-in N

180x180x200
180x180x200
180x180x200
180x180x200
180x180x200

Ókeypis vinnudagur frá 9 til 18
Laugavegslóga 11 - 15
Aðalsíða 31 - Sími 566 2337

i-t.is



• Þótt þú sért ekki

Frá Aðalfundi Félags pípulagninga- meistara 2020

– Frambald greinar af forsíðu.

var í Félagsheimili Fóstbræðra, Langholtsvegi, fimmtudaginn 4. júní s.l.

Fundurinn hófst á hefðbundinn hátt með því að Sigurður Ingvar bauð félagsmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Guðmundur Páll Ólafsson yrði fundarstjóri. Að svo búnu tók Guðmundur Páll við stjórn fundarins og gaf Sigurði Ingvari aftur orðið til flutnings á Ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020. Í máli Sigurðar Ingvars kom m.a. fram að stjórnin hélt 10 fundi á starfsárinu og auk þess óformlega fundi og vinnufundi eftir tilefnum. Einn félagsfundur var á tímabilinu; hinn hefðbundni Jólafundur. Gestur Jólafundarins var Gunnlaugur í Verklögnum sem fræddi menn um varmadælur.

Þá fór Sigurður Ingvar yfir störf hinna ýmsu nefnda og ræddi um nýja samninga sem undirritaðir voru á árinu. Fram kom í máli Sigurðar Ingvars að Euroskills frestaðist fram á árið 2021. Einnig ræddi hann um húsnæðismál félagsins, sem eru frekar óspennandi á þeim stað sem félagið er nú í á Lynghálslí 27. Eru uppi áform um að svipast um eftir nýju húsnæði til leigu eða jafnvel kaups þegar bústaður félagsins á Spáni hefur verið seldur.

Talsverð endurnýjun verður í stjórn félagsins á þessum Aðalfundi, þar sem þeir Heimir Guðmundsson, Ágúst Gestsson og Magnús Björn Bragason láta staðar numið í stjórnarstörfum fyrir félagið og þakkaði Sigurður Ingvar þeim fyrir óeigingjarnt starf á þágu félagsins.

Að lokum kvaðst Sigurður Ingvar ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Hann þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórn fyrir gott samstarf og óskaði félaginu velfarnaðar í framtíðinni.

Næstur kom Kári Samúelsson, gjaldkeri, upp í pontuna og fór yfir reikninga félagsins og einnig reikninga Sjúkkrasjóðs og Styrktar, sem nú hafa verið sameinaðir. Kári svaraði einnig



Girnilegar kræsingar biðu fundararmanna þegar blé var gert um miðbik Aðalfundarins.

fyrirsprungnum varðandi reikningana, sem voru samþykktir samhljóða. Trausti Guðjóns og Guðmundur Páll gerðu grein fyrir stöðu sölumála vegna Sumarhúss félagsins á Spáni og svöruðu fyrirspurnum þar um. Þá kom Kári aftur í pontu og grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir 2020-2021. Sigurður Ingvar fór yfir tillögu um breytingar á 4. gr. laga félagsins; eftir umræður var ákveðið að fresta breytingunni til næsta Aðalfundar.

Að loknu kaffihléi var gengið til stjórnarkosninga. Tveir voru í framboði til formanns, (sjá kosningaumfjöllun og úrslit hér að neðan). Einnig voru 3 í framboði í 2 stjórnarsæti: Almar, Ársæll og Kristján. Voru þeir Almar Gunnarsson og Ársæll Páll Ólafsson kjörnir með handauppréttingu. Sjá má mynd af nýrri stjórn fyrir starfsárið 2020-2021 á bls. 5.




Trausti Guðjóns og Guðmundur Páll komu og gerðu félögum grein fyrir stöðu mála varðandi söluna á Spáni.

Gengið til formannskosninga í annað sinn á tveimur árum

Í annað sinn á tveimur árum var gengið til formannskosninga í Félagi pípulagningameistara, en slíkt hið sama gerðist á Aðalfundi 2018. Þeir Böðvar Ingi Guðbjartsson og Magnús Björn Bragason buðu sig nú fram í embættið. Báðir hafa þeir reynslu af stjórnarstörfum fyrir Félag pípulagningameistara. Áður en gengið var til kosningar komu þeir Böðvar Ingi og Magnús Björn í ræðustól og fluttu stutta kynningu fyrir félagsmenn. Eftir að talið hafði verið upp úr kjörkassanum kom í ljós að Böðvar Ingi var kjörinn formaður fyrir starfsárið 2020-2021.



Böðvar Ingi Guðbjartsson, frambjóðandi.



Magnús Björn Bragason, frambjóðandi.



Böðvar og Magnús takast í bendur að lokinni drengilegri formannskosningu. Til vinstri er verið að flokka og telja atkvæði upp úr kjörkassanum.



Félagsmenn biðu þolinmóðir fyrir utan „kjörklefann“ eftir að röðin kæmi að heim að kjósa.


GRUNDFOS

STERKT SAMSTARF
TIL FRAMTÍÐAR


TENGI


www.tengi.is

Kópavogi ☎ 414 1000
Akureyri ☎ 414 1050

Krefjandi stórverkefni hjá Set ehf.

Frágangur samskeyta á stofnæðum frá nýjum vinnsluholum Norðurorku frá Hjalteyri og Rarik frá Hoffelli í Nesjum

Í ár var fram haldið vinnu við lagningu stofnæðar Norðurorku frá Hjalteyri til Akureyrar, en Set Pipes GmbH hafa framleitt efni í verkefnið á síðustu tveimur árum í verksmiðjunni í Þýskalandi; 500 mm stálþrípúr í 710 mm hlífðarkápu, 21 km. alls. Foreinangraður fittings, beygjur og greiningar koma frá Selfossi. Set hefur ennig síðan í haust unnið að einangrun samskeyta og frágangi á ytri hlífðarkápu á stofnögn Rarik á Höfn frá nýrri vinnsluholu við Hoffell í Nesjum til Hafnar, alls 21,5 km af 250 mm stálþrípúr í 400 mm plasthlífðarkápu. Þessi verkefni eru óvenju stór, en ánægjulegt er hversu framleiðslan úti og heima hefur gengið vel, og ekki síður hjá lagnaflokkum Set sem skilað hafa mikilli og góðri vinnu bæði norðan- og sunnanlands, á erfðum vetri og vori í misjöfnu landi og margbreytilegum aðstæðum. Eftir þessi verkefni er ljóst að Set getur tekist á við öll stærri fjarvarmaverkefni af fullominni getu, bæði tæknilega en ekki síður með vel þjálfuðum mannafla.



Stórsýningin Verk & vit haldin í apríl 2021

Stórsýningin Verk & Vit, sem halda átti í Laugar-dalshöllinni í mars s.l. var, eins og kunnugt er, frestað fram í október. Nú er ljóst að ástandið í þjóðfélaginu vegna Kórónuveirunnar og fjöldatakmarkanir því tengt, kallar á enn frekari frestun sýningarinnar og nú fram í 15.-18. apríl 2021. Sýningin Verk & Vit var síðast haldin 2018 og þá í fjórða sinn. Mikill áhugi var fyrir sýningunni meðal almennings og aðsóknarmet slegið; alls komu ríflega 25 þúsund gestir á sýninguna. Alls voru yfir 100 aðilar þátttakendur sýningunni 2018 og má búast við að annar eins fjöldi sýnenda verði á næsta ári.



Frá sýningunni Verk & Vit 2018.



Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Mikið úrval af öryggisvörum

- uvex
- MILLER
- OTTERL
- TDE GUARD
- SOLID SHIRT
- Honeywell
- Balfabers

Nú fást Snickers vinnuföt í BYKO

HILTI
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • f Hagl ehf HILTI



Smíðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ



Stjórn Félags pípulagningameistara 2020-2021

Stjórn Félags pípulagningameistara fyrir starfsárið 2020-2021 er þannig skipuð (t.f.v.): Ægir Eyberg Helgason, varaformaður, Sigurður Ingvar Hannesson, varamaður, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður, Almar Gunnarsson, stjórnarmaður, Ársæll Páll Ólafsson, ritari og Kári Samúelsson, gjaldkeri.



IDAN
fræðslusetur

Áhugaverð námskeið á næstunni

Frágangur votrýma I

Byggingarmenn (fjarnám): Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við frágang votrýma til að hindra vatnstjón. Fjallað er um uppbyggingu votrýma og efni sem henta til þeirra hluta. Einnig er fjallað um frágang yfirborðs, þéttingar og þéttilög. Farið er í lagnaleiðir, frágang og þéttingar með lögnum, niðurföllum og hreinlætistækjum. Ennfremur er fjallað um viðhald á votrýmum.

Hefst: Þriðjudag 19. janúar kl. 13:00-19:00.
Staður: IDAN fræðslusetur,
Vatnagörðum 20, www.idan.is.

HVAMMSHÓLAR

ROTPRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI

☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



KORADO Miðstöðvarofnar – Gólfofnar – Handklæðaofnar



KORADO ofnarnir hafa yljáð Íslendingum um árabíl og eru hluti af vel heppnaðri innanhússhönnun hérlendis



Skemmuvegi 48-50 - 200 Kópavogur
Sími 510 1400 - Fax 510 1499
www.vatnsvirkinn.is



PÍPULAGNIR
Fagmennska – Fæmi - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201



STOFNLAGNIR
PÍPULAGNARÞJÓNUSTA
Stofnlag्नir ehf.
Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is



RÖRLEGGJARINN ehf.
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarnn@gmail.com

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is



HÚSALAGNIR
PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningarþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is



HS pípulagnir ehf.
Smíðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is



ALHÍDA PÍPULAGNIR SF.
- Akralind 5
- 201 Kópavogi
- Sími 567 1478
- pipulagnir@alhida.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

NESLAGNIR ehf
Pípulagnarþjónusta
Bergáasi 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is



Gaui píp ehf
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

GGLAGNIR ehf
PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



Landslagnir ehf.
Hyrjarhöfði 2 - 112 Reykjavík – GSM 897 4746
og GSM 896 2908 - landslagnir@simnet.is



MJÖG LAGNIR
Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglag्नir@gmail.com



vatnsidnadur.net
srr@iav.is
GSM: 660 6201

JMH pípulagnir ehf.
Reykjavíkurvegur 52a - 220 Hafnarfirði
GSM. 898 0851 - nonnipip@hotmail.com



FLÆÐI
Pípulagnir ehf.
MAGNÚS A. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Flæði pípulagnir ehf.
Svæði - 620 Dalvík -
S. 466 1401/898 5524
maggisvaedi@simnet.is

NAUÐSYNLEGT
Í BÚSTADINN.

**KÆLIRÖR FYRIR LÉTTÖL, HITAVEITURÖR
OG KALDAVATNSRÖR FRÁ ÍSRÖR.**



1. Búrd til hola sem er 95 cm á dypt og 20 cm á breidd.
2. Kemur rörinu vel fyrir ofan í holuna.
3. Fyllir rörin af uppþéltum drykknum þínum.
4. Átt alltaf kaldan drykk út í garði.
5. Býður vinum og fjölskyldu yfir í einn kaldan.

Skilaðu hjá okkur að Hringhellu 12 í Hafnarfirði

ÍSRÖR Hringhellu 12 221 Hafnarfjörður 565 1489 isror@isror.is

FLEIRI VÖRUR
INN Á ÍSRÖR.IS









IDAN
fræðslusetur

Áhugaverð námskeið á næstunni

Brunaþéttingar

Byggingamenn: Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að byggingarframkvæmdum og þurfa að þetta milli brunahólfa. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunaþéttingar og efni sem notuð eru til þeirra. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Námskeiðið hefst:
Fimmtudag 14. Janúar 2021 kl. 13:00-17:00.
Kennslustaður: IDAN fræðslusetur, Vatnagördum 20. Allar frekari upplýsingar fáast á heimasíðu IDUNNAR, www.idan.is.

 <p>AH pípulagnir ehf. - Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ - Sími 555 7012 - GSM. 822 7100 pipari@pipulagnir.is</p>	 <p>SIH PÍPULAGNIR ehf. Hrísrími 27 – 112 Reykjavík GSM: 821 0876 Netf.: ingvarin@internet.is</p>	 <p>PÍPULAGNIR SAMÚELS & KÁRA EHF</p>
 <p>Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn Sími 478 2099 - GSM. 861 0291 kromoghvitt@simnet.is</p>	 <p>Lagnalist ehf. Skógarási 6 - 110 Reykjavík GSM 898 0517 lagnalist@gmail.com</p>	 <p>Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari Almennakór 6 – 203 Kópavogi GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafil.is</p>
 <p>Pípulagnir ehf pípulagnaþjónusta skipaþjónusta</p> <p>Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870 Netfang stefanbr@simnet.is</p>	 <p>LAGNAVIRKJUN ehf. LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI</p> <p>Bæjargil 63 - 210 Garðabær GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is</p>	 <p>S.Ó.S. lagnir ehf. Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík GSM 693 9000 sos@soslagnir.is</p>
<p>litlagna.is</p> 	 <p>MIÐSTÖÐIN Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf. Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar Sími 481 1475 midstodin@midstodin.is</p>	 <p>Villi pípari ehf GSM: 8240434 Suðurhraun 4 - 210 Garðabær - villi@villipipari.is</p>
 <p>Presslagnir ehf. Funafold 29 - 112 Reykjavík GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is</p>	 <p>JOHNNY PÍPARI Mávanesi 13 - 210 Garðabæ GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com</p>	 <p>Sp pípulagnir ehf. Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585 Sigurdur.pipari@gmail.com</p>



Allar verslanir opnar

Ath: Breyttur afgreiðslutími - sjá husa.is

Allir velkomnir í 16 verslanir um land allt og vefverslun


Virðum fjöldatakmörkanir og leiðbeiningar Almannaþingarinnar



Þekking og
 traust samstarf
 í áratugi

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is





Sumarskóli í pípulagningum



Vegna vaxandi aðsóknar í nám við Tækniskólann í hinar ýmsu faggreinar á undanförunum árum, þá ákvaðu forráðamenn skólans að efna til Sumarskóla til að létta á biðlistunum. Einnig spilaði þarna inni vaxandi atvinnuleysi vegna Kórónuveirunnar. Skammtan tíma tók að fylla í þau pláss sem voru í boði og stóð kennsla fram í júlí. Pípulagnir var ein af þeim greinum þar sem boðið var upp á Sumarskóla. Mikil ásókn hefur enda verið í nám í pípulögnum undanfarin misseri eins og meistara vita og sívaxandi fjölda nemenda á biðlista.

aldrei unnið við pípulagnir. Fréttapíp brá sér í heimsókn í Sumarskólann og sést vel á myndunum að hvergi er slegið slóku við; hvorki í innvinnunni eða útvinnunni.



Nemendur Sumarskólans voru mjög áhugasamir og meirihluti þeirra hafði

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípu-
lagninga-
meistari og
kennari, tv.
leiðbeindir
nemendum
úti og inni.*



Umhverfisvænn frostlögur

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

NIÐURFÖLL

Sundlaugar - Bílaplön - Iönaðarplön





Nicoll

Sterkt
Létt
Þægilegt
Góð hönnun
Þolir mikið frost



**LOFT &
RAFTÆKI**

Hjallabrekku 1 Dalbrekkumegin 200 Kópavogi
S: 5643000 - www.loft.is



Píparakaffi hjá Vatnsvirkjanum



Í nokkrum síðustu tölublöðum Fréttapíps höfum við brugðið á leik og smellt okkur í morgunheimsókn í verlanir hjá ýmsum birgjum. Að þessu sinni lögðum við leið okkar í slíka heimsókn í veglega kaffiástöðu í nýju húsnæði Vatnsvirkjans á Skemmuvegi 48 í Kópavogi. Þar hafa forráðamenn Vatnsvirkjans komið upp góðri kaffiástöðu fyrir morgunhressa pípara. Að sögn starfsmanna Vatnsvirkjans er alltaf vel mætt í morgunkaffið, sérstaklega á föstudögum; þá er óvenju vel í lagt hvað meðlæti snertir. Vegna smitvarna á tímum kórónuveirunnar er svo séð til þess að bakkelsið sé innpakkað. Eins og sést á myndunum þá er tíminn líka notaður í að ræða saman og finna lausnir.



IDAN
fræðslusetur

**Áhugaverð námskeið
á næstunni**

Tilboðsgerð verktaka

Staðnám (fjarnám í boði)

Byggingamenn: Þetta námskeið er fyrir iðnmeistarar og starfsmenn verktakafyrirtækja sem þurfa að gera tilboð í verkefni og verkhluta.

Fjallað er um lög og reglur um útboð og ÍST 30, almenna útboðs- og samningsskilmála um verkfrákvæmdir. Farið er yfir magntölur og magntöku einstakra verkþátta. Fjallað er um einingaverð og útreikning þeirra. Farið yfir tilboðsskrár og tilboðsgerð. Á námskeiðinu eru unnin nokkur verkefni úr hverjum þætti þess.

Tveir dagar, hefst: Föstudagur 15. janúar kl. 13:00-19:00 og laugardagur 16. Janúar kl. 9:00-16:00.

Staður: IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Nánari upplýsingar á www.idan.is.

VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA



SABIANA

Vatnshitablásarar

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrörum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlausr



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knaíránvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071
vov@vov.is www.vov.is

TENGI ehf. með mikla söluaukningu í Grundfos dælum

Mikil og stöðug aukning hefur verið í sölu á Grundfos dælum á Íslandi frá því að Tengi tók við sem nýr umboðsaðili í september 2019. Má þakka þessa miklu aukningu frábærum viðtökum markaðarins við aukinni áherslu á þjónustu og vöruframboð.

Öll almenn þjónusta og varahlutasala fara beint í gegnum Tengi sem minnkar flækjustig og tryggir vandaða og örugga þjónustu. Grundfos er leiðandi í framleiðslu á dælum í heiminum og setur staðalinn hvað varðar nýsköpun, skilvirkni, áreiðanleika og sjálfbærni. Í samstarfi við Grundfos getur Tengi því þjónustað flest þau dælutengdu verkefni sem upp koma á Íslandi. Sérfræðingar,

starfsmenn Tengis, hafa hlotið mikla þjálfun beint frá höfuðstöðvum Grundfos í Danmörku og vinna í nánu samstarfi með þeim í leit að hagkvæm-
ustu og bestu lausn hverju sinni.

Á hverju ári framleiðir Grundfos yfir 16 milljón dælur. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 18.000 manns á 83 starfstöðvum í yfir 45 löndum.



Vatn & Veitur ráða Róbert Ísleifsson sem rekstrarstjóra

Róbert Ísleifsson hefur tekið við starfi rekstrarstjóra hjá Vatni & Veitum. Róbert er þekktur í lagnaveröldinni hérlendis; hefur starfað innan lagnabransans í ríflega 15 ár. Þar af hefur Róbert veid hjá Vatni & Veitum frá árinu 2012. Á árunum 2005-2012 starfaði Róbert hjá Vatnsvirkjanum í 5 ár og Lagnadeild BYKO í 2 ár.



Áhugaverð námskeið á næstunni

Ábyrgð bygg- ingastjóra

Byggingamenn: Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjorar og stýra byggingarframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur. Markmiðið er að upplýsa þátttakendur um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjorar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingar-yfirvöld. Farið er yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdráttu, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, foheldis-, stöðu- og lokaúttekta. Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er visir að gæðakerfi fyrir bygg-
ingarstjóra. Í mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjorar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun. Tveir dagar, hefst: Föstudagur 8. janúar kl. 13:00-17:00 og laugar-
dagur 9. janúar kl. 9:00-13:00. Staður: IDAN fræðslusetur, Vatnagördum 20, www.idan.is.

Til hægri: Grundfos Scala2 þrýstiaukadæla, frábær til að auka þrýsting á neysluvatni.



Til vinstri: Grundfos Magna3 dæla er alhliða hringrásardæla fyrir meðalstór og stærri hringrásarkerfi.

Íslenska frárennslisrörið

Vöruhús Set í Reykjavík
Klettagördum 21

Sími: 480 2700 | sala@set.is | www.set.is

set
Set ehf • Röraframleiðsla

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fölgín í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Saeplast framleiðir brunna til fráveitulaagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Saeplast-vörulinnu er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum. Brunnarnir eru fánægir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm. ATH. Hægt er að fá upphækkunar á alla brunna. Fást í byggingavörverslunum um land allt.

Saeplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

saeplast
HLUTI AF RPC GROUP

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

© Saeplast er akkrætt vörumerki í eigu RPC GROUP

Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags þípulagningameistara:

„Covid-árið“ brátt að baki

Sælir félagar.

Kærkomið jólafrí er á næsta leyti og verður gott að líta um öxl til að átta sig á covid-árinu 2020 ;sprengja síðan hressilega upp um áramótin og bjóða nýtt ár 2021 velkomið. Útlit er fyrir að við verðum allir bólusettir gegn covid og lífið verður eðlilegt á ný.

Blessunarlega hafa félagsmenn haft nóg að gera þar sem mikið eru um framkvæmdir og útlit er fyrir góða verkefnastöðu á nýju ári. Hjól atvinnulífsins komast eflaust á gott skrið um mitt næsta ár og við vonum það allra besta. Stjórn Félags þípulagningameistara (FP) hefur haft reglulega stjórnarfundir og fjallað um hin ýmsu mál. Því miður þurfti að fresta síðasta jólafundir og voru mörg mál sem átti að kynna þar til að upplýsa félagsmenn um. Eftir sölu á orlofshúsinu FP á Spáni hafa komið upp hugmyndir hvort FP ætti að fjárfesta í eigin húsnæði til að hafa skrifstofuna í staðinn fyrir að leigja skrifstofurými. Danfoss hefur ákveðið að hætta útgáfu Danfossbókarinnar þar sem félagatalið birtist. FP þakkar Danfoss fyrir þann rúma áratug sem bókin hefur komið út. Eftir samtali við nokkra birgja samþykkti Vatnsvirkinn að taka upp útgáfu félagtalsins. FP þakkar Vatnsvirkjanum fyrir að taka bókina að sér. FP hefur átt fundi með lögfræðingi Samtaka iðnaðarins (SI) varðandi réttindamál er snúa að kærnum til þeirra sem eru að brjóta lög um handiðnað. Borið hefur á því að aðilar eru að reka fyrirtæki í lögverndaðri starfssemi án þess að meistari sé í forsvari. SI eru með tillögur um breytingar á lögum sem verða kynntar á næsta ári. Stjórn FP átti einnig fund með Neytendastofu varðandi kærnumál sem verður kynnt nánar á næsta aðalfundi. Búið er að uppfæra lög FP og verða lagabreytingar bornar upp á næsta aðalfundi. Mörg mál berast reglulega upp í félag þar sem verið er að kvarta undan vinnubrögðum. Þegar þau mál eru skoðuð nánar er mjög mikið um réttindalaus aðila sem eru að villa á sér heimildir og eru uppvísir að vörusvikum við neytendur. Stjórn FP hefur verið að gera tilraunir með gæða- og úrskurðarnefnd til að liðsinna neytendum og verða þær tillögur kynntar á næsta aðalfundi. Í þeim tilfellum sem félagsmenn hafa verið uppvísir um handvömm hefur stjórn FP biðlað til viðkomandi meistara um að laga það sem að þeim snýr og viðkomandi aðilar brugðist rétt

við félaginu til sóma. Það er gæðatrygging fyrir neytendur að versla við félagsmenn. Tímabært er fyrir FP að huga að stefnumótun næstu ára og setja stefnu á göfug markmið til að efla okkar góða félag. Stjórn FP vill taka til umræðu á næsta aðalfundi hug félagsmanna varðandi aðild að SI. Fjalla þarf um kosti þess og galla. Til stendur að breyta reglugerð varðandi námssamninga og bjóða upp á skólaleið fyrir þá nemendur sem komast ekki á námssamning.

Nemarnir sem komast ekki á samning verða þá í umsjón fulltrúa skólans sem sér um að koma þeim í starfsþjálfun í samráði við atvinnulífið. Samhliða þessu verður ferilbókin virkjuð og sett sem skilyrði til að hægt sé að fylgjast með nemum sem eru á námssamningi. Stjórn FP hefur einnig skoðað þær tillögur sem koma frá OECD varðandi lækkun á byggingarkostnaði. Félagsmenn eru kvattir til að láta sig málið varða og kynna sér málin. Samtök iðnaðarins (SI) hafa boðið FP að senda inn greinargerð ásamt þeim fagfélögum sem eru innan SI varðandi löggildinguna til að svara þeim tillögum sem hafa komið frá OECD. Tillögurnar verða síðan sendar til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis sem skipað hefur starfshóp til að vega og meta og þá hvort þörf sé á því að iðnaðarstörf séu lögvernduð.

Að lokum vil ég þakka ykkur fyrir það traust sem mér er falið að vera í forsvari fyrir félagið. Einnig vil ég þakka fyrir þær ábendingar sem mér hafa borist frá ykkur félagsmönnum um hin ýmsu mál. Ég hlakka til að hitta ykkur á næsta ári og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

F.h. stjórnar, Félags þípulagningameistara,
Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður,




Böðvar Ingi Guðbjartsson,
formaður Félags
þípulagningameistara,

Hitatækni ehf. hannar sjálfvirka pottastýringu

Alsjálfvirk pottastýring hönnuð af Hitatækni. Allar aðgerðir aðgengilegar beint af snertiskjá; viðmótið einfalt og þægilegt í notkun. Val um íslensku eða ensku á skjá. Stillanlegt hitastig milli 35-44°C. Yfirhitavörn sem slær út við 50°C (Stillanlegt). Stýringin nemur þegar potturinn er fullur og viðheldur lágmarksrennsli í pottinn þar til réttu hitastigi er náð. Á upphafsskjá sjást bæði óskgildi og raunhitastig heitapottar. Með því að ýta efst á stikuna er farið beint í „Stilla hitastig“ gluggann til að gera breytingar. Frá upphafsskjá er líka hægt að kveikja/slökva á

pottastýringu eða fara yfir í stillingar. Neðst á skjá er sýnt hver staða heitapottar er hverju sinni. Möguleiki er á að fara í innri stillingar á pottastýringunni, en til þess að komast þar inn þarf að setja lykilorð. Hægt er að stjórna pottastýringunni örugglega í gegnum netið, hvar og hvenær sem er. Með vefviðmótinu er hægt að ræsa pottastýringuna, stilla óskgildi og lesa hitastig og stöðu heitapottsins í rauntíma.

Allar nánari upplýsingar um sjálfvirku pottastýringuna má nálgast á heimasíðu Hitatækni ehf., www.hitataekni.is.



Einfalt
að stýra
aðgerðum
yfir
netið.



BELIMO BELIMO – Gæði frá Sviss

Allir mótrolkar og skynjarar eru frá Belimo. Belimo er með höfuðstöðvar í Sviss og er leiðandi á heimsvísu í þróun, framleiðslu og sölu á tækjum til að stjórna hita, loftræstingu og loftkælingu. Skynjarar, mótrolkar og spjaldlokumótorar eru kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið var stofnað árið 1975 og hefur um það bil 1.900 starfsmenn í yfir 80 löndum.

RADSON III
Áreiðanlegur hitagjafi

°C LEVER LÄCHITA
INWEGELNENNENDE NACH

10
10 ára ábyrgð

Mest seldu ofnar
á Norðurlöndum

ISLEIFUR JÓNSSON
Gæði fara aldrei úr tisku

Drögáhlás 14-16 Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is



H Hitataekni

www.hitataekni.is | S: 5886070 | Smiðjuvegur 10 | 200 Kópavogi

BELIMO

STOÐ OG STYTТА HÚSBYGGJENDA

- Álþallar • Vinnuþallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólþallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnuþalla

Það er
yðar hagur
að skipta við
fagmenn!



STOD pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málin á birta.is

BIRTA
LÍFFYRISKIÐBÚR

Smíðingardalur 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is

VATN & VEITUR

Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípuþagnir

vatnogveitur.is



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS



ÍÐAN
fræðslusetur
www.idan.is